

## Aðalfundur Hins íslenska náttúrufræðifélags.

Haldinn laugardag, 27. febrúar 2010, í Kórnum, fundarsal Náttúrufræðistofu Kópavogs, Hamraborg 6 A. Fundur hófst kl. 14:00. Mættir voru 13 manns.

### 1. Fundarsetning.

Kristín Svavarsdóttir formaður HÍN setti fundinn og bar upp tillögu um Guðmund Guðmundsson sem fundarsjóra og Droplaugu Ólafsdóttur sem fundarritara. Tillagan var samþykkt og tók Guðmundur við fundarstjórn.

### 2. skýrsla stjórnar HÍN fyrir árið 2009.

Kristín Svavarsdóttir gerði grein fyrir starfsemi félagsins árið 2009.

Verkaskipting stjórnar árið 2009 var eftirfarandi: Kristín Svavarsdóttir formaður, Esther Rut Guðmundsdóttir varaformaður, Hilmar J. Malmquist ritari, Kristinn J. Albertsson gjaldkeri, Droplaug Ólafsdóttir meðstjórnandi, Helgi Guðmundsson meðstjórnandi og Ester Ýr Jónsdóttir meðstjórnandi. Stjórnin hélt 8 stjórnarfundi á árinu,

#### Starfsmenn HÍN:

Starf ritsjóra Náttúrufræðingsins, umsjón með útbreiðslu og félagatali er í höndum Hrefnu Berglindar Ingólfssdóttur. Hrefna hefur verið starfsmaður Náttúrufræðistofu Kópavogs en stofan og HÍN hafa gert með sér samning um þessi verkefni.

#### Nefndarstörf:

*Dýraverndarráð.* Margrét Björk Sigurðardóttir er fulltrúi HÍN.

*Nefndir umhverfisráðuneytis.* Ýmsar nefndir á vegum umhverfisráðuneytis hafa einn sameiginlegan fulltrúa frá frjálsum félagsamtökum og koma félögin sér saman um tilnefningar.

*Starfshópur til að kanna rekstrarhorfur félaga á sviði umhverfismála.* Umhverfismálaráðherra Kolbrún Halldórsdóttir setti af stað vinnu við að kanna þessi mál vorið 2009. Í hópnum voru Guðmundur Hörður Guðmundsson, Tryggvi Felixson og Kristín Svavarsdóttir og skiluðu þau skýrslu til ráðherra s.l. haust.

#### Félagatal:

Félagar í HÍN voru 1.241 í árslok 2009 en voru 1.176 í byrjun ársins þannig þeim fjölgaði um 65. Á árinu gengu 110 manns í félagið en á móti sögðu 27 sig úr félaginu, 12 félagar féllu frá, sex voru strikaður út af öðrum ástæðum og 7 félagar færðust milli flokka. Af þeim sem gengu í félagið voru 75 háskólanemar eða tæplega 70%. Skýringin á þessari miklu aukningu milli ára var átak sem farið var í meðal nemandi í náttúrufræðum við Háskóla Íslands sem stjórnarfélagið Esther Ruth Guðmundsdóttir og Friðgeir Grímsson stóðu fyrir. Í tengslum við átakið var nýjum félögum boðið upp á tilboðspakka með eldri árgöngum Náttúrufræðingsins.

#### Félagsbréf:

Félagsbréfið kom út þrisvar sinnum á árinu með tilkynningum fréttum til félagsmanna. Þar ber helst að nefna boð um aðalfund félagsins í fyrsta bréfinu í byrjun ársins. Þá kom bréf út um haustið með dagskrá fræðsluerinda vetrarins og síðasta Félagsbréfið kom út í desember þar sem afmælisfundur félagsins var auglýstur.

### Náttúrufræðingurinn:

Árið 2008 kom út einn og hálfur árgangur Náttúrufræðingsins, tvöfalt hefti 77. árgangs (3.-4. hefti) og tvö tvöföld hefti 78. árgangs (1.-2. hefti og 3.-4. hefti). Samkvæmt viljayfirlýsingu HÍN og Náttúrufræðistofu Kópavogs frá september 2006 var áætlað að 78. árgangur kæmi út í lok ársins 2008 og með því lyki átaksverkefninu sem ætlað var að vinna upp þá seinkun sem orðið hafði á útgáfu Náttúrufræðingsins. Útgáfan var því ári á eftir þeirri áætlun um s.l. áramót en vinna við 79. og 80. árganga gengur vel og reiknað er með að 79. árgangur komi út á næstu vikum.

Í byrjun ársins samdi Hið íslenska náttúrufræðifélag við Landbókasafn Íslands – Háskólabókasafn um ljósmyndun eldri árganga Náttúrufræðingsins þannig að allt tímaritið yrði til rafrænt. Haustið 2009 lauk safnið verkinu og Náttúrufræðingurinn varð aðgengilegur með fimm ára töf á veraldarvefnum, [www.timarit.is](http://www.timarit.is) HÍN fékk 500 þúsund króna styrk til verkefnisins frá Náttúruverndarsjóði Pálma Jónssonar.

### Fræðsluerindi:

Fræðsluerindi félagsins voru haldin kl. 17:15 á síðustu mánudögum vetrarmánaðanna, samtals 6 erindi. Þau tíðindi urðu í byrjun ársins að fræðsluerindin voru flutt frá Háskóla Íslands en HÍN hafði þá boðið upp á fræðsluerindi þar í næstum 70 ár. Ástæða flutningsins voru miklar hækkanir á leigu salarins sem félagið stóð ekki undir. Félaginu bauðst aðstaða fyrir fræðsluerindin í sal Menntaskólans við Sund og þakkaði Kristín fyrir þann stuðning. Sex fræðsluerindi voru haldin á árinu. Eitt þeirra, erindi Dr. Helga Björnssonar, var haldið í Salnum í Kópavogi í samstarfi við Jöklarannsóknafélag Íslands og Bókaútgáfuna Opnu.

Samtals mættu 383 manns á fræðsluerindi félagsins á árinu, eða að meðaltali 64 manns á hvern fund. Friðgeir Grímsson og Ester Ýr Guðmundsdóttir sáu um skipulag og framkvæmd fræðslufundanna.

Árið 2009 voru eftirtalin erindi haldin:

- Dr. Árni Einarsson líffræðingur hélt í janúar erindið „Lífrikiskreppur í Mývatni“.
- Rannveig Magnúsdóttir líffræðingur hélt í febrúar erindið „Pokadýr í Ástralíu“.
- Dr. Friðgeir Grímsson steingervingafræðingur hélt í mars erindið „Jurtir í jarðsögu Íslands“.
- Snævarr Guðmundsson ljósmyndari og stjörnuskoðunarmaður hélt í apríl erindið „Stjörnuhiminn yfir Íslandi“.
- Jóna Björk Jónsdóttir líffræðingur hélt í október erindið „Gróðurframvinda í Skaftáreldahrauni og áhrif hraungambra á landnám háplantna“.
- Dr. Helgi Björnsson jöklafræðingur hélt í nóvember erindið „Jöklar á Íslandi í upphafi 21. aldar og framtíðarhorfur“.

### Afmælisfundur HÍN:

HÍN var stofnað 16. júlí 1889 og í tilefni 120 afmælis félagsins var boðað til afmælisfundar í Bókasal Þjóðmenningarhússins 28. desember 2009. Allt frá stofnun HÍN hefur eitt helsta baráttumál félagsins verið að koma upp náttúrugripasafni í Reykjavík. Vel þótti við hæfi að tengja málefni fundarins við þetta baráttumál og halda málþing um framtíð hins nýja Náttúruminjasafns Íslands.

Dagskrá fundarins hófst með afmælisræðu formanns og síðan héldu Guðmundur Páll Ólafsson líffræðingur, Sigurjón Baldur Hafsteinsson lektor og Ólöf Ýr Atladóttir ferðamálastjóri erindi við góðar undirtektir viðstaddra. Eftir kaffi tóku Ásborg Arnþórsdóttir ferðamálafulltrúi, Jón Gunnar Ottósson forstjóri, Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðherra, Katrín Jakobsdóttir mennta- og menningarmálaráðherra, Helgi Torfason safnstjóri, Eygló

Friðriksdóttir skólastjóri og Hilmar J. Malmquist ritari HÍN þátt í pallborðsumræðum. Í lok afmælisfundarins bauð mennta- og menningarmálaráðherra gestum til móttöku.

### 3. Reikningar HÍN fyrir árið 2009.

Kristinn J Albertsson gjaldkeri HÍN lagði fyrir fundinn ljósrit af rekstrarreikningi félagsins 2009 og efnahagsreikning í lok árs 2009 og skýrði einstaka liði reikninganna.

Aukning var á tekjum frá fyrra ári og skýrist af því að greiðsluseðlar voru sendir félagsmönnum tvisvar á árinu, þ.e. við lok útgáfu 77. og 78. árgangs Náttúrufræðingsins.

Umhverfisráðuneytið veitir árlega rekstrarstyrki til frjálsra félagasamtaka og féll styrkur að upphæð 450,000kr HÍN í skaut. HÍN hlaut útgáfustyrk úr Náttúruverndarsjóði Pálma Jónssonar að andvirði 500,000kr sem nýttur var til að ljósmynda eldri hefti Náttúrufræðingsins og birta á veraldarvefnum.

Skýring á kostnaði upp á 848,601kr undir liðnum ‘Almennur rekstrarkostnaður’/ ‘ýmislegt án VSK’ (5) í sundurliðuðum rekstrarreikningi er að þar undir fellur greiðsla til Landsbókasafns Íslands – Háskólabókasafns vegna ljósmyndunar á eldri heftum Náttúrufræðingsins.

Nokkuð er um ógreidd félagsgjöld frá fyrri árum sem þó eru bókfærð sem tekjur í rekstrarbókhaldi félagsins og gefur því skakka mynd af raunverulegri fjárhagsstöðu þess. Á árinu 2009 var tekin ákvörðun að fella niður skuldir allra félagsmann eldri en 80 ára en félagið þarf að taka ákvörðun um hvað gera skuli við önnur ógreidd félagsgjöld sem lítil von er að innheimtist.

Skýring á háum vaxtagjöldum þrátt fyrir engar skuldir skýrist af því að þjónustugjöld banka vegna innheimtu félagasgjalda eru bókfærð sem vaxtagjöld.

Endurskoðendur ársreikninga voru Arnór Þórir Sigfússon og Kristinn Einarsson.

Í fyrirspurnum bað Hilmar Malmquist um skýringu á háum dráttarvöxtum, um 40,000 kr. Kristinn svaraði því til að félagið hafi ekki verið aflögufært með að borga háa reikninga frá Kópavogsbæ og Ísafoldarprentsmiðju fyrir en seinni greiðsluseðlar voru sendir út.

Kristín Svavarsdóttir benti á að samkvæmt ársreikningum lítur fjárhagsstaða félagsins vel út en raunin er að eigið fé er ofmetið. Kristinn tók undir þetta og sagði að ástæðan væri að allar eignir félagsins væru bókhaldslegar eignir. Enn fremur eru öll félagsgjöld bókfærð sem tekjur, ógreidd gjöld þar með talin. Fundarmenn voru sammála um að taka þyrfti ákvörðun varðandi ógreidd félagsgjöld frá fyrri árum. Þá ber þó að hafa í huga að skuldseigir félagsmenn gætu yfirgefi félagið án þess að gera upp við félagið ef of hart verður gengið fram við innheimtur. Langtíma hagsmunum félagsins gætu því verið betur borgið með því að semja um skuldirnar.

Árni Hjartarson spurði stjórn HÍN hvort reynt hafi verið að bæta lausafjárstöðu félagsins með því að selja af bóka- og tímaritalager félagsins. Formaður HÍN svaraði því til að bækur félagsins hafi verið seldar á árlegum bókamarkaði bókaútgefenda. Auk þess hafa reglulega verið gerð átök í að selja eldri hefti Náttúrufræðingsins, m.a. sem tilboð til nýrra félagsmanna.

Ársreikningar félagsins voru bornir undir fundarmenn og voru þeir samþykktir einróma.

### 4. Skýrsla fulltrúa HÍN í opinberum nefndum.

Margrét Björk Sigurðardóttir, fulltrúi HÍN í Dýraverndarráði kynnti störf ráðsins. Hlutverk ráðsins er að vera umhverfisráðherra og umhverfisstofnun til ráðgjafar um dýraverndarmál. Um stefnumótandi mál, svo sem setningu reglugerða, skal leita umsagnar dýraverndarráðs.

Lagabreytinganefnd um endurskoðun dýraverndarlaga hefur starfað í 2 ár. Sigríður formaður Dýraverndarráðs á sæti í nefndinni og hafa málefni nefndarinnar verið rædd ítarlega á fundum Dýraverndarráðs. Önnur mál sem tekin hafa verið fyrir á fundum ráðsins undanfarið ár er 1) útivist mjólkurkúa, 2) veiðiaðferðir við hvalveiðar og eftirlit með þeim, 3) útigangskindur á fjallshryggjum Tálkna milli Patreksfjarðar og Tálknafjarðar. 4) meðferð dýra í fjölmiðlum, 5) lifandi páskaungar sem hafa verið gegnir viðskiptavinum í verslunum í kringum páska undanfarin ár, 6) auglýsingar á tækjum s.s. hrútatöngum sem öðrum en dýralæknum er óheimilt að beita. 7) málefni tengd nýlegum komum þriggja ísbjarna á Norðurlandi.

## **Kaffiveitingar**

### **5. Ályktanir**

Tvær tillögur um ályktanir voru bornar upp af stjórn HÍN. Hilmar Malmquist las upp ályktanir fyrir hönd stjórnar og benti fundarmönnum á nánari greinargerðir með þeim sem dreift var á fundinum.

1) Tillaga um Náttúruminjasafn Íslands var svipuð tillögum um málefni safnsins frá fyrri aðalfundum þar sem mennta- og menningarmálaráðherra er hvattur til að beita sér fyrir uppbyggingu á sýningarstöðu og húsakynnum Náttúruminjasafns Íslands.

2) Seinni tillagan var um Náttúrufræðinginn og áskrift opinberra aðila sem viðbrögð við auknum úrsögnum skólabókasafna og opinberra stofnana undanfarið ár. Í tillögunni hvetur félagið íslensk stjórnvöld og stjórnendur opinberra stofnana á svið fræðslu, rannsókna og miðlunar til að standa vörð um útgáfu Náttúrufræðingsins og styðja með því móti við miðlun þekkingar og fróðleiks til landsmanna um umhverfismál og íslenska náttúru.

Tillögurnar voru bornar undir fundinn og samþykktar einróma.

### **6. Kjör formanns, stjórnarmanna og embættismanna félagsins.**

Formaður félagsins til 8 ára gaf ekki kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu. Tillaga um Árna Hjartarson sem nýjan formann var borin upp og samþykkti fundurinn þá tillögu samhljóma.

Tveggja ára kjörtímabili stjórnarliðanna Droplaugar Ólafsdóttur, Helga Guðmundasonar og Kristins Albertssonar rann út. Kristinn gaf kost á sér til áframhaldandi stjórnarsetu og auk hans gáfu Jóhann Þórsson og Rannveig Guicharnaud kost á sér til setu í stjórn félagsins. Allir frambjóðendur voru samþykktir af fundarmönnum einróma.

Tillaga um Arnór Þórir Sigfússon og Kristinn Einarsson sem skoðunarmenn reikninga og Hreggvið Norðdahl sem varamann var borin upp og samþykkt.

### **7. Önnur mál.**

1) Fráfarandi formaður Kristín Svavarsdóttir kvaddi sér hljóðs og fór yfir tíma sinn í stjórn félagsins síðastliðin 8 ár. Nefndi hún að mikil vinna hefði farið í málefni Náttúrufræðingsins og átak við að vinna upp þá seinkun sem verið hefur á útgáfunni og kvaðst ánægð með að það takmark væri í sjónmáli. Kristín óskaði nýjum formanni og öðrum stjórnarmönnum góðs gengis og þakkaði fyrir sig.

2) Kristinn Albertsson þakkaði Kristínu fyrir samstarfið í stjórninni.

3) Hilmar Malmquist tók til máls og óskaði Árna Hjartarsyni og nýjum stjórnarmeðlimum til hamingju með kjörið og bauð þau velkomin til starfa. Fyrir hönd stjórnar þakkaði hann Kristínu fyrir samstarfið og fór með nokkrar tölulegar upplýsingar um formennsku Kristínar. Kristín var 21. formaður félagsins, annar kvenmaðurinn sem gegnir formennsku og hefur þriðju lengstu formanstíð að baki á eftir Freysteini Sigurðssyni (11 ár) og Bjarna Sæmundsyni (35 ár).

Hilmar þakkaði fráfarandi stjórnarmeðlimum einnig samstarfið, Droplaugu sem kveður eftir 8 ár og Helga sem setið hefur í stjórn í 20 ár. Að lokum færði hann Kristínu, Droplaugu og Helga (að honum fjarstöddum) blóm og gjafir í þakklæti fyrir störf þeirra í þágu félagsins.

4) Nýkjörinn formaður, Árni Hjartarson, ávarpaði fundinn og þakkaði traustið sem honum væri sýnt með kjöri til formanns. Aðkoma hans að félaginu hefur hingað til verið seta í ritstjórn Náttúrufræðingsins. Hann nefndi að framboð til formanns hafi ekki átt langan aðdraganda og að hann gerði sér óljósar hugmyndir hvað biði hans í því starfi. Honum litist þó vel á samstarfsfólkið í stjórninni og hlakkaði til samstarfsins.

## **8. Fundarslit**

Árni Hjartarson sleit fundi.